


FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Fréttir og félagsmál

Pað liggar í eðli lífsins, að eigi einungis dýrin lifa eítir dauðann,
heldur einnig jurtirnar.

Helgi Pjeturss



Útgefandi: Félag Nýalssinna.
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:
Ingvar Agnarsson.

Um Frey og Gerði Gymisdóttur

(Sjá forsíðumynd)

Í Snorra-Eddu er að finna þessa merkilegu sögu:

Gymir hét maðr, en kona hans Aurboða. Hon var bergrisa ættar. Dóttir þeira var Gerðr, er allra kvenna var fegrst. Þat var einn dag, at Freyr hafði gengit í Hliðskjálf ok sá of heima alla. En er hann leit í norðrætt, þá sá hann á einum bæ mikil hús og fagrt, ok til þess húss gekk kona, ok er hon tók upp höndum ok lauk burð fyrir sér, þá lýsti af höndum hennar bæði í loft ok á lög, ok allir heimar birtust af henni. Ok svá hefnði honum þat mikill læti, er hann hafði setzt í þat it helga sæti, at hann gekk í braut fullr af harmi. Ok er hann kom heim, mælti hann ekki. Ekki svaf hann, ekki drakk hann. Engi þorði ok at krefja hann orða.

Pá lét Njörðr kalla til sin Skírni, skósvein Freys, ok bað hann ganga til Freys ok beiða hann orða ok spyrja, hverjum hann væri svá reiðr, at hann mælti ekki við menn. En Skírnir lézt ganga mundu ok eigi fúss ok kvað illra svara vera ván af honum. En er hann kom til Freys, þá spurði hann, hví Freyr var svá hnippinn ok mælti ekki við menn.

Pá svarar Freyr ok sagði, at hann hefði sét konu fagra ok fyrir hennar sakar var hann svá harmfullr, at eigi myndi hann lengi lífa, ef hann skyldi eigi ná henni, — „ok nú skaltu fara ok biðja hennar mér til handa ok hafa hana heim hingat, hvárt er faðir hennar vill eða eigi, ok skal ek þat vel launa þér.“

Pá svarar Skírnir, sagði svá, at hann skal fara sendiferð, en Freyr skal fá honum sverð sitt. Þat var svá gott sverð, at sjávást. En Freyr lét eigi þat til skorta ok gaf honum sverðit. Þá fór Skírnir ok bað honum konunnar ok fekk heit hennar, ok níu nóttum síðar skyldi hon þar koma, er Barrey heitir, ok ganga þá at brullaupinu með Frey. En er Skírnir sagði Frey sitt erindi, þá kvað hann þetta:

Löng er nótt,
löng er önnur,
hvé mega ek þreyja þrjár?
Oft þér mánaðr
minni þótti
en sjá half býnótt.

Myndin á forsíðu er fengin úr bókinni: Contes et légendes des Vikings eftir Alan Boucher, og á að sýna hina björta mey, Gerði Gýmisdóttur.

Ingvar Agnarsson.

Fréttir af félagsstarfi

Félagsfundur 3. janúar 1979

Félagsfundur var haldinn í Félagi Nýalssinna, miðvikudaginn 3. janúar 1979, að Álfhólsvegi 121 í Kópavogi.

Varaformaður félagsins *Páll Steinarsson* í Hlíð í Gnúpverjahreppi, setti fundinn í fjarveru formanns, Atla Hraunfjörð, og stjórnaði honum. Hann gat þess að Atli hefði gefið þá yfirlýsing á síðasta fundi, að hann mundi hætta stjórnarstörfum í félaginu vegna ágeinings um viss málefni. Kvaðst Páll því verða sem varaformaður að taka að sér störf formanns félagsins, þar til önnur stjórn mála kæmist á.

Ingvar Agnarsson las fundargerð síðasta fundar, 6. desember 1978 og var hún samþykkt án athugasemda.

Þorir að trúa á framhaldslíf.

Þorsteinn Guðjónsson las grein með þessu nafni. Er þar sagt frá Dowding nokkrum lávarði, hershöfðingja Bretta í síðari heimsstyrjöldinni. Honum blöskraði öll þessi manndráp, enda var hann sannfærður um líf að loknu þessu. Í grein þessari segir Dowding frá samtali er hann átti fyrir miðilsmunn við nýfallinn breskan flugmann, sem enn var ekki búinn að átta sig á, að hann væri dáinn.

Eftir stríðið flutti Dowding lávarður marga fyrirlestra um lífið eftir dauðann og árið 1967 kom út bók eftir hann um þessi efni og heitir hún „*Many Mansions*“.

Grein þessi var tekin saman af Guðmundi Jónssyni á Kópsvatni og styðst hann þarna við grein um þetta efni í Morgunblaðinu 1968.

Umræður urðu talsverðar um þessi mál og þótti öllum, sem til máls tóku, sem Dowding lávarður hefði komist að mjög merkilegri niðurstöðu, þeirri að framlíf manna væri líkamlegt.

Þorsteinn Guðjónsson sagði frá atriði úr miðilsfundi, þar sem Ólafur Thors kom fram, og sagði frá reynslu sinni eftir að yfir um kom. Hann harmaði að hafa ekkert vitað um þessi mál, áður en hann flutti héðan. Fundarmenn vildu gera lítið úr þeirri fáfræði hans, því hann hefði nú verið svo ágætur maður. Ólafur létt

sér ekki lynda þetta álit fundarmanna og mælti: „Þið hlæið að orðum mínum, en sannleikurinn er sá, að ég hafði engan skilning á þessum málum.“ Porsteinn Guðjónsson kvað þetta vera mjög trúverðuga yfirlýsing og hefði álit sitt aukist mjög á Ólafi Thors eftir þetta.

Magnús Skarphéðinsson sagði frá miðilsfundi, þar sem samband var vð frumlífshnött, sem jafnframt var framlífshnöttur. Á fundinum kom fram maður héðan fluttur, sem fljótt kvaðst hafa áttad sig á, að hann var fluttur á annan hnött og hann reyndi að fræða aðra á þeim hnetti um þessi mál. En þeir vildu ekki trúua honum. Þeir álitu, að við dauðann færðu þeir inn í sólinu. Og þeir álitu, að þeir, sem kæmu til þessa hnattar annarsstaðar frá, kæmu frá annarri jarðstjörnu í sama sólhverfi, stjörnu sem væri einskonar Mars þessa sólhverfis.

Porsteinn Guðjónsson: Hvað gætum við gert til að breiða út Nýalskan skilning meðal manna?

Páll áleit, að við þyrftum fyrst að auka okkar eigin þekkingu, svo við gætum skýrt út nógum vísindalega, hvað t. d. lífgeislun og lífforka væri, hvernig við flytjumst til annars hnattar o. s. frv.

Tillaga um sölu á óskiptu landi í Laugardal.

Fundarstjóri las upp eftirfarandi tillögu:

Félagsfundur Nýalssinna, 3. janúar 1979, að Álfhólsvagi 121, veitir stjórn félagsins umboð til að samþykka sölu á bluta af óskiptri sameign eigenda jarðarinnar Grafar í Laugardal, samkvæmt þeim samningi, sem Jón Sigurjónsson, verkfræðingur hefur gert af hendi jarðareigenda við Harald Magnússon, Sólheimum 23 í Reykjavík. Landspildan er samkvæmt mælingu 9990 fermetrar og kaupverðið kr. 1.998.000,00, sem greiðist í þrennu lagi til 10. maí n. k. og er blutur Félags Nýalssinna í því kr. 166.500,00, auk vaxta.

Stjórn félagsins skal hafa samráð við landeignarnefnd félagsins um sölu landsins.

Uppkast að kaupsamningi. Síðan las fundarstjóri uppkast að kaupsamningi, undirritað f. h. landeigenda af Jóni Sigurjónssyni, þar sem nánar er skýrt frá greiðslutilhögun og öðrum atriðum, sem til greina koma við sölu þessa landskíka.

Porsteinn Guðjónsson tók til máls og gerði grein fyrir tildrögum þessa kauptilboðs.

Magnús Skarphéðinsson tók til máls og kvaðst undrandi yfir því, að Þorsteinn Guðjónsson skuli hér standa að flutningi tillögu um landsölum, því að jafnaði hefði hann verið á móti slíkum sölum. Kvað hann eðlilegt, að skipta öllu landi Grafar, áður en þessi eini partur yrði soldur. Hann taldi einnig, að Þorsteinn hefði aldrei verið tilnefndur eða kosinn í landeignanefnd og honum þótti ekki vera rétt staðið að þessari landsölu.

Páll Steinarsson gat þess að hér væri um að ræða 1/12 hluta þessa landskika. Hann kvað óæskilegt að tefja þessa sölu, vegna þess að við verðum að eiga gott samstarf við aðra eigendur jarðarinnar í framtíðinni.

Þorsteinn mælti á þessa leið: Magnús Skarphéðinsson dregur í efa að ég hafi verið kosinn nefndarmaður í landeignanefnd, en þar fer hann ekki með rétt mál og hann telur einnig, að ekki sé rétt staðið að þessari sölu. Þessi sala hefur borið mjög hratt að höndum. 11/12 hlutar landeigenda hafa þrýst á um þessa sölu, og þess vegna er þetta mál komið á núverandi stig.

Sveinn Baldursson spurði til hvers féð yrði notað.

Páll Steinarsson svaraði því til, að féð yrði lagt í félagssjóð og síðan ákveðið hvernig það yrði notað. Félagsfundir geta t. d. ákveðið notkun fjár.

Magnús óskaði eftir að bókað yrði það álit sitt, að hann teldi eðlilegt að landeignanefnd fengi tækifæri til að fjalla um þetta mál, áður en stjórninni er fengið það í hendur.

Pétur Gíslason studdi afstöðu Magnúsar. en taldi mikið atriði, að gott samstarf yrði við aðra landeigendur.

Tillagan um þessa landsölu, sem um var rætt var síðan borin undir atkvæði. Voru 7 með samþykkt tillögunnar en enginn á móti.

Páll Steinarsson talaði og benti á, að nauðsynlegasta mál félagsins væri að halda frið í féluginu. Undir því væri komið allt sem gera þyrfi á vegum félagsins.

Magnús Skarphéðinsson las upp greinargerð um starfsemi Nýalsbúðar.

Yfirlit fyrir árið 1978 um starfsemi Nýalsbúðar, Njálsgötu 40, Rvík.

Árið 1978 var fyrsta heila árið í sögu starfsmiðstöðvarinnar að Njálsgötu. Er ekki annað hægt að segja, en að vel hafi tekist til þar, í þessari fyrstu tilraun reksturs stjörnusambandsstöðvar, utan stöðvarinnar að Álfhólsvegi. Hefur aukið starf og fjölgun félagsmanna gengið framar bjartsýnustu vonum. Á árinu voru haldinn

51 opinn sambandsfundur, 52 þjálfunarsambandsfundir, 11 lækna-sambandsfundir, 6 tilraunasambandsfundir, 9 umræðufundir og um 7 húsnefndarfundir, auk margra annarra funda, svo sem óform-legra umræðu- og nefndafunda, ýmis konar tilrauna- og stjórnar-funda, sem ekki eru skráðir í starfskrá stöðvarinnar. Voru skráðir fundir því um 136 með samtals 2130 fundarmönum. Voru á árinu settar ákveðnar reglur um komu gesta á sambandsfundina og báru þær góðan árangur. Komu samtals 370 gestir á sambands-fundi stöðvarinnar. Gengu um 30—40 manns í félagið á árinu, beint eða óbeint í gegnum starfsemina í Reykjavík. Sést á þessu, hve geysilegt framfaraspor var tekið með kaupum á starfsmiðstöð í Reykjavík, sem hafði verið áhugamál nokkurra félagsmanna um alllangt skeið. Eftir allmiklar umræður var kosin nefnd til að kanna húskapamál félagsins í Reykjavík þ. 5. maí 1976. Var síðan í júní 1977 fest kaup á húsinu að Njálgsgötu 40 og það afhent 1. nóvember sama ár. Var þá tekið til óspilltra málanna með ýmsar lagfæringar á því sem voru taldar nauðsynlegar, áður en starfsemi hæfist. Fljótlega upp úr því tók almenn starfsemi félagsins þar að hefjast og er síðasta ár því fyrsta heila árið í sögu þess. Skal það viðurkennt, að ekki voru allir sammála þessum vinnumbrögðum, að eignast starfsmiðstöð í Reykjavík. Og svo furðulegt sem það má nú teljast, þá lögðust margir félagsmenn hart á móti því. Var ekki hægt að sjá, hvað lá að baki þeim aðgerðum, en vonandi hefur það einungis verið misskilningur góðra manna. Sést best, eins og áður sagði, hve mikil framfaraspor það var, að koma upp starfsaðstöðu í Reykjavík. Þökk sé þeim öllum félagsmönnum, er þar lögðu hönd að verki.

F. h. Húsnefndar Nýalsbúðar,

Magnús Skarphéðinsson.

Ingvar gat þess, að tveir fræðslu- og umræðufundir hefðu farið fram að Álfhólsvegi 121 fyrri hluta þessa vetrar.

Sá fyrri var haldinn 20. nóv. Þar var aðalræðumaður séra *Kol-beinn Þorleifsson* og nefndi hann erindi sitt: „Dæmisögur og and-leg spekt“. Var góður rómur gerður að erindi hans, og báru fundar-gestir fram fjölmargar spurningar að loknu erindinu, og svaraði séra Kolbeinn þeim af mikilli þekkingu.

Síðari fundurinn var haldinn 10. desember, en þar flutti *Einar Þorsteinn Ásgeirsson*, iðnfræðingur, erindi er hann nefndi: „Form og skipulag í alheimi“. Eins og á fyrri fundinum, urðu miklar

umræður um efni erindisins, og svaraði Einar fjölmögum spurningum fundargesta.

Báðir voru fundir þessir hinir ánægjulegustu.

Þar sem nú var orðið mjög framorðið urðu ekki umræður um efni þessa yfirlits.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 23,45.

10 manns sóttu fundinn.

Ingvar Agnarsson, fundarritari.

Félagsfundur 7. febrúar 1979

Félagsfundur var haldinn í Félagi Nýalssinna, miðvikudaginn 7. febrúar 1979, í stjörnusambandsstöðinni, Kópavogi.

Ingvar Agnarsson setti fundinn í fjarveru formanns og varaformanns. En rétt að því loknu kom varaformaður Páll Steinarsson og tók að sér fundarstjórn.

Ingvar Agnarsson las upp fundargerð síðasta fundar frá 3. jan. og var hún samþykkt eftir smávægilegar leiðréttigar.

Inntaka nýrra félaga:

Pessir aðilar sóttu um upptöku í félag Nýalssinna:

Tryggvi Arason, Laugavegi 130, Rvík.,

Ragnhildur Pálsdóttir, Tunguseli 4, Rvík,

Guðbjartur Ágústsson, Tunguseli 4, Rvík.,

Olgeir Möller, Mosgerði 25, Rvík.,

Marteinn S. Jónsson, Gyðufelli 6, Rvík.,

Jón Ingi Jónsson, Vörðufelli 48, Rvík.,

Kári Tryggvason, Laugavegi 130, Rvík.,

Sigríður Magnúsdóttir, Bauganesi 7, Rvík.,

Gísli Jónsson, Nökkvavogi 9, Rvík.,

Póra Ellen Jónsson, Eyjahjalla 11, Rvík.

Pessir umsækjendur voru allir samþykktir einróma sem félagsmenn.

Upplestur úr „Guðirnir á Sírusi“:

Þorsteinn Guðjónsson las upp kaflann Magnar, þar sem höfundurinn, K. O. Schmidt lýsir vitrunum sínum og geimsýnum, og fróðleik þeim er háþroskaverur reyndu að miðla honum, á fyrri hluta ævi hans.

Magnús Skarphéðinsson þakkaði Porsteini fyrir þýðingu þessarar merku bókar, og fyrir upplesturinn úr henni.

Páll kvað þetta mikið og merkilegt framtak af hálfu Porsteins, að þýða þessa bók og gefa hana út.

Porsteinn kvað mjög óvenjulegt að maður hér á jörð lifi slíkar vitranir og atburði, sem lýst er í þessari bók.

Magnús kvaðst hafa spurt á miðilsfundí, hvort í bókinni kæmi fram rétt staðsetning á vitrunum þeim, sem um er fjallað, en var svarað að svo væri ekki.

Porsteinn mælti á þessa leið: Ekki er hægt að ákveða þetta nema með hjálp drauma. Ef draumi og vitrun ber saman, er líklegt að um einn og sama stað sé að ræða.

Í Ísl. stefnu er draumur eftir mig. Mig dreymdi að ég væri kominn á mínar bernskuslóðir og ég tek í hurðarhún, öðruvísi, en þar er hægt. Ég þóttist sjá Orion og Fjósakonurnar nokkru brattari en héðan er að sjá, og til hægri við þær var björt stjarna. Hér gæti verið um ýmsar skýringar að ræða: Reikistjarna sama sólhverfis og draumgjafinn, stjarna, sem ber þar á milli eða þá nýstirni eða nóva.

Páll kvaðst ætla að flestir hnöttir séu í byrjun frumlífshnettir. Væri hægt að bera saman vitranir drauma, væri e. t. v. hægt að staðsetja sumar vitranir.

Magnús Skarphéðinsson bar fram svohljóðandi tillögu:

Félagsfundur í Félagi Nýalssinna, þann 7. febr. 1979, samþykkir að þakka P. G. fyrir frábæra þýðingu á bókinni „Guðirnir á Síriusi“, sem rennir mjög merkilegum stöðum undir kenningar Nýals.

*Magnús Skarphéðinsson,
Sveinn Baldursson,
Pétur Kúld Eysteinsson.*

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Guðmundur Jónsson á Kópsvatni beindi þeirri tillögu til fundarmanna, að félagið gerði það sem unnt er, til útbreiðslu og sölu þessarar bókar.

Tillaga kom fram svohljóðandi:

*Fundur í Félagi Nýalssinna, haldinn að Álfhólsvegi 121
7. febrúar 1979, samþykkir að veita Porsteini Guðjónsyni fjárhagslegan stuðning vegna útgáfu bókarinnar*

, „Guðirnir á Síriusi“, og vísast þetta til stjórnar félagsins, sem ákveður upphæð í peningum eftir getu félagsins.

Magnús Sigurðsson,
Grafarbakka 2.

Magnús Skarphéðinsson ræddi um þörf á að ákveða, hver verða skulu félagsgjöld fyrir þetta ár. Var ákveðið að fresta því máli til næsta fundar.

Minnst var á merki félagsins, en langt er síðan áhugi hefur komið fram um slíkt mál, en aldrei komið til framkvæmda. Nefnd mun hafa verið skipuð um þetta mál fyrir löngu.

Ingvar minnti á, að um nokkurra ára skeið hefði hann séð um útgáfu félagsblaðsins og Lífgeisla, félagini að kostnaðarlausu; félagsblaðsins frá árinu 1973 og Lífgeisla frá árinu 1975.

Kvaðst hann enn vilja endurnýja þetta boð sitt, að sjá um útgáfu þessara blaða, þetta ár og fram að aðalfundi næsta árs, 1980.

Nokkrar umræður urðu um þetta tilboð Ingvars.

Rætt var um ritnefnd fyrir þessi blöð og sýndist sitt hverjum. Magnús bar upp svohljóðandi tillögu:

Félagsfundur Félags Nýalssinna, þann 7. febr. 1979, samþykkir að þar sem gagnger endurskoðun hafi átt sér stað á félagatali félagsins nú nýverið, fari hann þess á leit við ritstj. félagsbl. að birta hið fyrsta félagatalið, öllum félagsmönnum til aflestrar

Magnús Skarphéðinsson.

Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt með öllum atkvæðum (gegn einu).

Magnús Skarphéðinsson ræddi nokkuð afstöðu sína til þeirrar samþykktar síðasta fundar, að selja hluta F. N. í einum hektara lands, ásamt öðrum eigendum jarðarinnar Grafar. Óskaði hann eftirtalinnar bókunar:

Magnús Skarphéðinsson óskaði bókunar með atkvæði sínu. Hann lýsti þeirri skoðun sinni, að æskilegt hefði verið, að landeignanefnd hefði fjallað um málið, áður en samþykktir væru gerðar um sölu á landi. En sagðist fagna mjög afstöðubreytingu Þorsteins Guðjónssonar og fleiri félagsmanna í þessu máli og á þeirri forsendu og til að halda samstöðu í félagini, þá sagðist hann samþykkja þessa sölu fyrir sitt leyti.

Pétur Gíslason mælti á þessa leið: Aðalatriði er að sinna mál-efnum Nýals, en ekki að ellast endalaust við ýmsar tillögur, sem litla þýðingu hafa. — Ég vil byggja á erfðafræðinni, líffræðinni. Vetrarbrautir eru líkar dínamó. Litningasambönd eru eins stór og vetrarbrautir og þau ganga inn í hring hins lífræna alheims.

Fundarstjóri bar fram svohljóðandi tillögu um tilboð Ingvars:

Félagsfundur F. N. haldinn að Álfhólsvegi 121, þann 7. febrúar 1979, samþykkir að taka tilboði Ingvars Agnarssonar um útgáfu félagsblaðsins og Lífgeisla, a. m. k. þetta ár.

Páll Steinarsson.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með öllum atkvæðum (1 á móti).

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 23,40.

16 manns sóttu fundinn.

Ingvar Agnarsson, fundarritari.

Félagsfundur 7. mars 1979

Félagsfundur var haldinn miðvikudaginn 7. mars 1979 að Álfhólsvegi 121 í Kópavogi og hófst hann kl. 21,00.

Ingvar Agnarsson setti fundfinn í fjarveru Páls Steinarssonar, varaformanns, en síðan tók Gunnar Grímsson við fundarstjórn.

Ingvar Agnarsson las fundargerð síðasta félagsfundar, 7. febrúar og var hún samþykkt.

Nýir félagar.

Eftirtaldir aðilar sóttu um upptöku í félagið:

Verna Jónsdóttir, Tómasarbaga 21, Rvík.,

Ari Þórðarson, Fáfnisvegi 3, Rvík., s. 26585,

Árni Gunnarsson, Starhaga 16, Rvík., s. 16375,

Sigríður María Guðmundsdóttir, Prúðvangi 5, Hafnarfirði, s. 52973.

Voru þeir samþykktir einróma sem nýir félagar.

Stjórnarkjör: Uppástungur um menn í stjórn:

Næst voru bornar upp tillögur um nýja menn í stjórn félagsins. Af hálfu stjórnar félagsins kom fram tillaga um eftirtalda menn:

Varaformaður: Guðni Þorvaldsson.

Ritari: Ingvar Agnarsson.

Varamaður: Þorsteinn Guðjónsson.

Meðstjórnandi: Pétur Kúld Eysteinsson.

Fundarstjóri spurðist fyrir um aðrar uppástungur og bar Magnús Skarphéðinsson fram tillögu um eftirtalda menn:

Ritari: Magnús Skarphéðinsson.

Varamaður: Þorsteinn Sveinsson Víkingur.

Meðstjórnandi: Sveinn Baldursson.

Tillögur um lagabreytingar:

Pessu næst bar Kjartan Norðdahl fram tillögur um lagabreytingar á nokkrum greinum nágildandi laga, svohljóðandi:

4. gr.

Í stað málsgreinarinnar sem hefst með orðunum: „*A næsta fundi ... og endar á orðunum: ... aðra menn í stjórn*“, komi þessi málsgr.: „*Eigi síðar en tveim mánudum fyrir aðalfund skal á félagsfundi kosin þriggja manna stjórnarkjörsnefnd. Á félagsfundi í marzmánuði skal nefndin leggja fram tillögur sínar um menn í stjórn nsta kjörtímabils. Óski félagsmenn eftir að bera fram tillögur um aðra menn í stjórn, skulu þeir gera það á þessum sama fundi*“.

Pað sem eftir er 4. gr. haldist óbreytt nema að setningin: „*Fyrsta árið skal þó draga þrjá menn út eftir blutkesti og kjósa sama fjölða til tveggja ára*“, falli niður.

8. gr.

Fyrsta málsgrein sem hefst á orðunum: „*Félagsfundir hafa ... og endar á orðunum ... gildir einfaldur meiri-bluti*“, breytist þannig: „*Félagsfundir hafa æðsta vald í málefnum félagsins. Tillögur um meðferð og ráðstafanir á eignum félagsins öðlast því aðeins samþykki, að um þær sé fjallað á tveim lögmætum félagsfundum í röð og að þær hljóti stuðning tveggja þriðju bluta greiddra atkvæða atkvæðisbærra fundarmanna. Til beggja þessara funda skal bodað með skriflegu fundarbodi, þar sem greint er frá efni tillagnanna. Á fyrri fundinum skulu tillögurnar kynntar, en á síðari fund-*

inum greitt um þær atkvæði. Um dagskrártillögur og annað varðandi daglegt starf og rekstur félagsins gildir einfaldur meiribluti á einum lögmætum fundi. Allar tillögur félagsfunda skulu vera skriflegar“.

Pað sem eftir er 8. gr. baldist óbreytt.

ATHUGASEMD: Ef til þess kæmi, að mönnum fyndist óþarfi að boða skriflega til tveggja funda í röð, legg ég til TIL VARA NR. EITT að ofangreind breytingartill. við 8. gr. verði samþykkt að öðru leyti en því, að í stað setningarinnar: „Til beggja þessara funda skal boðað með skriflegu fundarboði, þar sem greint er frá efni till.“, komi setningin: „Til hins síðari þessara tveggja funda skal boða skriflega þar sem greint er frá efni tillagnanna“. Og TIL VARA NR. 2 legg ég til, að breytingartill. við 8. gr. verði samþykkt að öðru leyti en því, að báðar þessar setningar um skriflega fundarboðun verði felldar niður.

Pað sem eftir er 8. gr. baldist óbreytt.

9. gr.

Seinasta setningin verði þannig: . . . „Aukafélagar hafa rétt til fundasetu og málfrelsis, en ekki tillögurétt, atkvæðisrétt eða kjörgengi“.

10. gr.

Síðasta setningin endi á orðunum: . . . til samþykktar“.

Nokkrar umræður urðu um þessar tillögur Kjartans til lagabreytinga.

Tillögur frá Magnúsi Skarphéðinssyni:

8. gr.

Bætist inn í á eftir málsgreininni: „Félagsfundi skal halda eigi sjaldnar en . . . „Heimilt er þó að leggja niður reglubundna fundi í júní, júlí og ágústmánuði, ef ástæða þykir til“. Ennfremur breytist orðalagið: „ef fimm félagsmenn óska þess . . . Verði: „ef 10 félagsmenn óska þess“.

Tillaga kom enn frá Magnúsi Skarphéðinssyni um breytingar á grein nr. 2 um tilgang félagsins:

2. grein ordist svo:

Tilgangur félagsins er að stuðla að því, að fram fari sem vísindalegastar og blutlausastar rannsóknir og tilraunir á kenningum dr. Helga Pjeturss og fleiri svip-áðra kenningar um lífsþróun alheimsins. Leitast síðan við að afla niðurstæðanna fylgis meðal Íslendinga og annarra þjóða. Ennfremur að ná auknu og sem bestu líf- og vit-sambandi við lengra komna íbúa annarra hnatta. Þessum tilgangi hyggst félagið ná m. a. með ýmis konar fundar-starfsemi, útgáfu rita og bóka um sem flestar bliðar þessara mála og á hverjum öðrum vettvangi, sem fært þykir.

Magnús Skarphéðinsson.

Pétur Gíslason ræddi um tillögu sína frá fyrra ári um tilgang félagsins, sem sé félag þeirra manna, sem hafa trú á kenningum Helga Pjeturss.

Þorsteinn Guðjónsson talaði um þessa tillögu Péturs og þótti hún vera skynsamleg og vel orðuð. Þorsteinn bar fram svofellda tillögu sem viðbót við 2. grein:

„Félagið byggir á þeim skilningi Helga Pjeturss, að Íslendingar séu útvalin þjóð, sem eigi fyrystuhlutverki að gegna um björgun mannkynsins“.

Þorsteinn Guðjónsson.

Helgi Guðlaugsson kvað varasamt að breyta 2. grein laganna um markmið félagsins. Hann lagði til að þessi grein yrði vel athuguð og látið bíða í a. m. k. eitt ár að gera á henni breytingar.

Breytt félagsjöld.

Gunnar Grímsson gat þess að á síðasta stjórnarfundi í febrúar hafi verið samþykkt að:

Árgjald fyrir 1979 verði kr. 7.000,00 og inntökugjald kr. 1.500,00.

Magnús Skarphéðinsson bar fram svohljóðandi tillögu um ævifélagsjöld (en sem stendur er það 30 þús., eða sem svarar sexföldu árgjaldi 1978):

Félagsfundur F. N. samþykkir að framvegis verði sú regla, að ævifélagsjöld sé 10falt venjulegt árgjald, eins og er í öllum félögum, þar sem heimild er fyrir ævifélagsjöld.

Magnús Skarphéðinsson.

Tillagan var borin undir atkvæði og felld með 6 atkvæðum gegn 4.

Þorsteinn Guðjónsson kvað einn af fyrstu félögum F. N. hafa látið álit sitt í ljós um félagsmál með þessum orðum:

„Það er ekki félagsskapur á framfaraleið, sem hefur félagsmál að aðalmarkmiði“.

Breytingartillaga frá Helga Guðlaugssyni:

*Ævifélagsgjald verði framvegis kr. fimmtíu þúsund.
Helgi Guðlaugsson.*

Tillagan var borin undir atkvæði. Voru 3 með en 4 á móti og var hún því felld.

Enn kom fram tillaga um ævifélagsgjald:

*Undirritaður leggur til að ákvörðun um ævifélagsgjald verði talin stjórn félagsins.
Kjartan Norðahl.*

Pessi tillaga var samþykkt með 7 atkvæðum gegn 5.

Magnús Skarphéðinsson bar fram svohljóðandi tillögu:

Félagsfundur F. N. þ. 7. mars 1979 samþykkir sölu á 0,7 ha landspildu, merktri A á korti. Skal andvирði söluunnar varið til afborgana á húsi Nýalsbúðar til helnings og til ýmissa framkvæmda, svo sem til stuðnings á stólakaupum og fl. í Nýalsbúð til helnings. Skal stjórn félagsins sjá um að afgreiða þetta mál hið allra fyrsta og í síðasta lagi fyrir 1. 5. 1979.

Magnús Skarphéðinsson.

Helgi Guðlaugsson bar fram svohljóðandi tillögu, vegna tillögu Magnúsar Skarphéðinssonar um landsölu:

*Legg til að afgreiðsla tillögu Magnúsar Skarphéðinssonar verði frestað til maífundar 1979.
Magnús Guðlaugsson.*

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 23,30.

Fundinn sóttu 17 manns.

Ingvar Agnarsson, fundarritari.

Aðalfundur 7. apríl 1979

Aðalfundur var haldinn í Félagi Nýalssinna, miðvikudaginn 4. apríl, að Álfhólsvegi 121 í Kópavogi og hófst hann kl. 21,00.

Varaformaður, Páll Steinarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskráliðir fundarins voru þessir:

Skýrsla stjórnar.

Kjör fjögurra manna í félagsstjórn og tveggja endurskoðenda.

Tillögur um lagabreytingar.

Önnur mál.

Ingvar Agnarsson las fundargerð síðasta fundar, 7. mars og var hún samþykkt.

Eftirtaldir menn sóttu um upptöku í félagið:

Halldór Pétursson, Grenigrund 2A, Kóp.,

Lárus Kjartansson, Blikahólum 12, Rvík.,

Árni Gunnarsson, Flúðaseli 74, 109 Rvík., s. 76072.

Voru þessar umsóknir bornar undir atkvæði og samþykktar einróma.

Páll Steinarsson fundarstjóri flutti skýrslu stjórnarinnar um starfsemi félagsins í heild, hvað helst hefði verið gert og hvað helst þyrfti að gera til úrbóta á næstunni og eru hér helstu liðirnir í þeirri upptalningu:

1. Útgáfa Félagsblaðs og Lífgeisla.
2. Útgáfa á „Guðirnir á Síriusi“.
3. Miðilsstarfsemi hér og að Njálsgötu 40.
4. Vantar lagfæringu lóðar að Álfhólsvegi 121.
5. Vantar að efla innri samstöðu félagsmanna.

Gunnar Grímsson las upp og kynnti efnahags- og rekstursreikninga félagsins og gerði síðan nánari grein fyrir ýmsum atriðum reikninganna.

Fundarstjóri bar reikninga undir atkvæði og voru þeir samþykktir einróma.

Síðan var úthlutað atkvæðaseðlum. Voru tillögurnar tvær, með eftirtöldum mönnum:

TILLAGA FÉLAGSSTJÓRNAR:

Ritari: Ingvar Agnarsson.

Meðstjórnandi: Pétur K. Eysteinsson.

Varamaður: Þorsteinn Guðjónsson.

Varaformaður: Guðni Þorvaldsson.

TILLAGA MAGNÚSAR SKARPHÉÐINSSONAR:

Ritari: Magnús Skarphéðinsson.

Meðstjórnandi: Sveinn Baldursson.

Kom í ljós við athugun að í seinni tillöggunni gaf Þorsteinn Sv. Víkingur ekki kost á sér. Purfti því ekki að kjósa um *varamann* eða *varaformann*, heldur aðeins um ritara og meðstjórnanda.

Síðan var gengið til atkvæðagreiðslu og félru atkvæði þannig:

Ingvar Agnarsson blaut 34 atkvæði (ritari).

Pétur Kúld Eysteinsson blaut 33 atkvæði (meðstj.).

Magnús Skarphéðinsson blaut 14 atkvæði (ritari).

Sveinn Baldursson blaut 16 atkvæði (meðstj.).

Starfandi varaformaður Páll Steinarsson, tók við sæti formanns, vegna þess að kosinn formaður hafði áður sagt af sér.

Endurskoðendur voru kosnir: Ægir Ólafsson og Guðmundur Jónsson, Kópsvatni, með öllum greiddum atkvæðum.

Stjórn Félags Nýalssinna er því þannig skipuð:

Formaður: Páll Steinarsson.

Varaformaður: Guðni Þorvaldsson.

Ritari: Ingvar Agnarsson.

Gjaldkeri: Gunnar Grímsson.

Meðstjórnandi: Pétur Kúld Eysteinsson.

Varamaður: Þorsteinn Guðjónsson.

Varamaður: Þórhallur Sigmundsson.

Endurskoðendur: Ægir Ólafsson, Guðmundur Jónsson.

Lagabreytingar:

Eins og kom fram á síðasta fundi, lágu fyrir tillögur um lagabreytingar frá Kjartani Norðahl og frá Magnúsi H. Skarphéðinsyni.

Par sem Kjartan Norðdahl var ekki viðstaddur, tók Þorsteinn Guðjónsson að sér, með samþykki fundarins, að skýra þær breyttingatillögur, sem um er að ræða í tillögum Kjartans.

Áður en til þess kom, bar Helgi Guðlaugsson fram svofellda tillögu:

Legg til að tillögum um lagabreytingar verði frestað til maífundar, sem verði frambaldað alþundur.

Helgi Guðlaugsson.

Var tillagan borin undir atkvæði og felld með 14 atkvæðum gegn 10.

Voru síðan lagabreytingatillögur Kjartans teknar til umfjöllunar og atkvæðagreiðslu, hver um sig.

4. grein: Í stað málsgreinarinnar sem hefst á orðunum: „Á næsta fundi . . .“ og endar á orðunum: „. . . aðra menn í stjórn“, komi þessi málsgrein:

„Eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir aðalfund skal á félagsfundi kosin briggja manna stjórnarkjörsnefnd. Á félagsfundi í marsmánuði skal nefndin leggja fram tillögur sínar um menn í stjórn næsta kjörtímabils. Óski félagsmenn eftir að bera fram tillögur um aðra menn í stjórn, skulu þeir gera það á þessum sama fundi.“

Pessi fyrri hluti viðvíkjandi 4. gr. í tillögu Kjartans var borin undir atkvæði og voru 13 með en 11 á móti og náði því ekki samþykkt.

Framhald vegna 4. greinar: Það sem eftir er 4. greinar haldist óbreytt, nema að setningin:

„Fyrsta árið skal þó draga þrjá menn út eftir blutkesti og kjósa sama fjölða til tveggja ára“, falli niður.

Pessi síðari hluti tillögu Kjartans var samþykktur með 19 atkvæðum gegn 1 og fellur því þessi setning lagagreinarinnar niður.

8. grein: Fyrsta málsgrein sem hefst á orðunum: „Félagsfundir hafa . . .“ og endar á orðunum „. . . gildir einfaldur meirihluti“, breytist þannig:

„Félagsfundir hafa æðsta vald í málefnum félagsins. Tillögur um meðferð og ráðstafanir á eignum félagsins öðlast því aðeins samþykki að um þær sé fjallað á tveim lögmætum félagsfundum í röð og að þær hljóti stuðning

tveggja þriðju bluta greiddra atkvæða atkvæðisbærra fundarmanna. Til beggja þessara funda skal boðað með skriflegu fundarboði, þar sem greint er frá efní tillagnanna. Á fyrri fundinum skulu tillögurnar kynntar, en á síðari fundinum greidd um þær atkvæði. Um dagskrártillögur og annað varðandi daglegt starf og rekstur félagsins gildir einfaldur meirihluti á einum lögmætum fundi. Allar tillögur félagsfundar skulu vera skriflegar“. Pað sem eftir er 8. gr. haldist óbreytt.

Breytingartillaga Kjartans um 8. grein var borin undir atkvæði og samþykkt með 19 atkvæðum gegn 7, og öðlast því gildi.

9. grein: Seinasta setningin verði þannig: „„Aukafélagar hafa rétt til fundarsetu og málfrelsis, en ekki tillögurétt, atkvæðisrétt eða kjörgengi“.

Þessi breytingartillaga var *felld* með samhljóða atkvæðum.

10. grein: síðasta setningin endi á orðunum: „„til samþykktar“.

Þessi breytingartillaga var felld samhljóða.

Næst voru teknar til umfjöllunar breytingartillögur *Magnúsar Skarphéðinssonar* frá síðasta félagsfundi um 8. grein og um 2. grein laganna.

8. grein: Bætist inn í á eftir málsgreininni: „„Félagsfundi skal halda eigi sjaldnar en . . .“

„„Heimilt er þó að leggja niður reglugundna fundi í júní, júlí og ágústmánuði, ef ástæða þykir til“.

Þessi tillaga var samþykkt með 16 atkvæðum gegn 3.

Viðbótartillaga vegna 8. greinar:

Ennfremur breytist orðalagið:

„„ef fimm félagsmenn óska þess“, verði: „„ef 10 félagsmenn óska þess“.

Þessi breytingartillaga var borin undir atkvæði. Voru 10 með en 13 á móti og var því felld.

Lagabreytingatillaga Magnúsar Skarphéðinssonar:

2. grein: 2. grein orðist svo:

„„Tilgangur félagsins er að stuðla að því að fram fari sem vísindalegastar og blutlausastar rannsóknir og tilraunir á kenningum dr. Helga Pjeturss og fleiri svipuð-

um kenningum um lífsþróun alheimsins. Leitast síðan við að afla niðurstaðanna fylgis meðal Íslendinga og annarra þjóða. Enn fremur að ná auknu og sem bestu líf- og vitsambandi við lengra komna íbúa annarra hnatta. Þessum tilgangi hyggst félagið ná m. a. með ýmis konar fundarstarfsemi, útgáfu rita og bóka um sem flestar hliðar þessara mála og á hverjum öðrum vettvangi sem fæst þykir“.

Pessi tillaga til breytinga á 2. grein var rædd og borin undir atkvæði. Greiddu 9 atkvæði með en 18 voru á móti og var hún því felld.

Pá kom fram álitsgerð eða tillaga um 2. grein laganna, frá Pétri Gíslasyni og er það leiðréttинг við tillögu hans um tilgang og verkefni félagsins, sem hann hefur áður borið fram á félagsfundi (á fyrra ári). Tillagan er svohljóðandi:

Það er fjalag þeirra manna, sem hafa trú á Helga Pjeturss og rannsóknum hans. Fjelagið stendur á grunni náttúrufræðinnar. Þar sem lög og samþykktir félagsins greinir á við þennan grundvöll, skal þessi grundvöllur ráða.
Pjetur Gíslason.

Þessi tillaga Pjeturs Gíslasonar var ekki borin undir atkvæði. Fleira var ekki tekið fyrir viðvíkajndi breytingum á lögum félagsins.

Önnur mál:

Halldór Vigfússon bar fram svofellda tillögu:

„Kærðu félagar. Ég vil gera þessa tillögu að tillögu þessa fundar: Að stjórnin skipuleggi sambandsfundi sem viðast um landið á komandi sumri. Bækur um Nýal verði til staðar til kynningar á málefni voru“.

*Virðingarfyllst,
Halldór Vigfússon.*

Tillögu þessari var vísað til stjórnarmeðferðar með 17 atkvæðum gegn 7.

Þar sem nú var mjög áliðið orðið og komið fram yfir miðnætti, var fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 0,05.

Fundinn sóttu alls 58 manns.

Ingvar Agnarsson, fundarritari.

EFNISYFIRLIT:

Um Frey og Gerði Gymisdóttur (Sjá forsíðumynd) I. A. Bls. 2

FRÉTTIR AF FÉLAGSSTARFI:

| | |
|------------------------------------|------|
| Félagsfundur 3. janúar 1979 | — 3 |
| Félagsfundur 7. febrúar 1979 | — 7 |
| Félagsfundur 7. mars 1979 | — 10 |
| Aðalfundur 7. apríl 1979 | — 15 |

Stjörnusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar
kl. 9 e. h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.